

LÖG

um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.

Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum sem rúma þrjú til átta farþega.

Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftari í viku allt árið eða hluta þess.

Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.
2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.
3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið þar sem seld eru einstök sæti.

3. gr.

Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

4. gr.

Sjö manna nefnd, skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir álitni nefndarinnar á.

Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samgönguráðherra skipar tvo menn án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

Nefndin kys sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

- a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.
- b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.
- c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum skv. a-lið séu til þess rökstuddar ástæður að mati skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur, að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga, veitt sérleyfi til skemmri tíma en fimm ára en þó aldrei skemur en til eins árs í senn.

Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða svo oft sem þurfa þykir.

Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförunu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

Samgönguráðherra getur sagt upp sérleyfi innan fimm ára tímabilsins ef fyrirhugaðar eru verulegar skipulagsbreytingar innan ákveðinna svæða sem viðkomandi sveitarfélög standa sameiginlega að. Slíkur uppsagnarfrestur skal þó ekki vera skemmri en tvö ár.

6. gr.

Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

Réttindin skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningar-númer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm árum.

Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

Sérleyfi til fólksflutninga skv. 5. gr. gildir jafnframt sem hópferðaleyfi án sérstakrar umsóknar.

Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferða-bifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit skipulagsnefndar fólksflutninga.

Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi skipulagsnefndar fólksflutninga.

7. gr.

Að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa eða starfrækja sætaferðir þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Bifreiðar, sem notaðar eru til slíkra ferða, skulu hafa hóp- eða sérleyfisréttindi. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við skipulagsnefnd.

Umsóknir skulu vera skriflegar þar sem tilgreind er starfsemi þess sem sækir um leyfið og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Enn fremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

Við umfjöllun beiðnanna skal skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

8. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutadeigandi bæjarstjórnar.

Nú ákveður bæjarstjórn að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins sem áður hefur verið veitt sérleyfi til og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

9. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um einstök ákvæði í lögum þessum.

10. gr.

Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 29 23. mars 1983, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Thoroddsen.

Matthías Bjarnason.